

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 388/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Grímssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara, að refsing verði látin niður falla, og til þrautavara, að dæmd verði vægasta refsing og hún skil-orðsbundin.

Varhugavert þykir að telja, að aðstæður hafi verið slíkar, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að með atferli sínu stofnaði hann í háska lífi og heilsu fólks þess, sem var innan dyra í veitingastofunni Geirsbúð. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um að sýkna ákærða fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar verður að meta ákærða það til gáleysis, að hann braut rúðu í útidyrarhurð veitingastofunnar með þeim afleiðingum, að brot úr henni þeyttist í auga eins gestsins, sem hugðist yfirgefa veitingastofuna. Hefur ákærði því gerst brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga. Þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða og skilorðsbindingu hennar. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakar-kostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Grímsson, greiði áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. september 1990.

Ár 1990, föstudaginn 7. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 460/1990: Ákærvaldið gegn Sigurði Grímssyni, sem dómtekið var 5. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. júlí 1990, á hendur ákærða, Sigurði Grímssyni kvikmyndagerðarmanni, Bárugötu 29, Reykjavík, fæddum 20. mars 1951, kennitala 274, „fyrir að hafa, aðfaranótt mánudagsins 13. nóvember 1989, slegið með hægri hendi í rúðu í útidyrum á veitingahúsinu Geirsbúð, Vesturgötu 6, Reykjavík, svo að hún brotnaði, og með því á ófyrirleitinn hátt stofnað í augljósa hættu lífi og heilsu fólks, sem stóð innan við dyrnar, en afleiðingar þessa athæfis ákærða urðu þær, að Birna Þórðardóttir, fædd 26. febrúar 1949, sem stóð rétt innan við dyrnar, fékk glerflís úr rúðunni í vinstra auga, svo að stór skurður kom á það og augasteinn og lithimna hurfu úr því, og missti hún svo til alla sjón á því og greinir aðeins með því mun ljóss og myrkurs.

Telst þetta varða við 219. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist“.

Fébótakrafa hefur ekki borist í málið.

Málavextir.

Skömmu eftir kl. eitt mánudagsnóttina 13. nóvember í fyrra var lögregla kvödd að veitingastofunni Geirsbúð við Vesturgötu. Þar hafði kona, Birna Þórðardóttir, skorist í andliti. Var lögreglumönnum skýrt frá því, að ölvaður gestur hefði slegið með krepptum hnefa í rúðu í útidyrum veitingastofunnar og brotið rúðuna. Hefði Birna, sem verið hefði innan dyra, skorist af glerbrotunum.

Ákærði, sem er töluvert sjóndapur, hefur skýrt frá því, að hann hafi setið ásamt fólki, sem hann kannaðist við, í Geirsbúð. Hafi hann verið orðinn lítillaga ölvaður. Engin háreysti eða vandræði hafi verið þarna. Undir lokun hafi dyravörður komið og beðið fólk um að tygja sig, og segir ákærði, að fólk hafi orðið við því og verið á förum. Hafi það verið um 10 manns. Hann hafi sagt við dyravörðinn, að hann væri að ljúka úr glas-

inu, og spurt, hvaða læti þetta væru. Kveðst hann þá ekki hafa vitað fyrr en dyravörðurinn hélt honum haustaki. Við þetta hafi orðið stimpingar og allt farið í uppnám. Hafi dyravörðurinn dregið sig út og yfir götuna, þjarmað þar að sér, en síðan farið inn og lokað á eftir sér. Ákærði kveðst hafa misst gleraugun í þessum átökum og verið orðinn rifinn og tættur eftir þau og mjög reiður. Hann hafi því gengið að kráardyrnum og viljað fá gleraugun. Hann hafi barið með hnefanum í gluggann í hurðinni, svo að rúðan brotnaði. Það hafi þó ekki vakað fyrir sér að brjóta rúðuna, og ekki hafi hann séð, að fólk stæði þar rétt fyrir innan. Ákærði segir, að hann hafi ekki vitað fyrr en seinna, að þarna hefði orðið slys.

Vitnið Birna Þórðardóttir hefur skýrt frá því, að þegar loka átti húsinu, hafi fólk verið beðið að fara út. Einhverjar orðahnippingar hafi orðið með dyraverði og ákærða, og fannst vitninu dyravörðurinn vera fremur ruddalegur í garð hans, enda hefði ákærði ekki verið með nein ólæti. Þó hafi hún orðið þess vör, að dyravörðurinn færði ákærða út með valdi. Hún hafi svo verið á leiðinni út og verið komin að dyrunum, þegar slysið eða óhappið varð. Hún hafi þá ekki getað gert sér grein fyrir því, hvað gerðist, en fundið, að eitthvað kom í augað á henni og að blæddi úr auganu.

Vitnið Guðrún Kristjana Óladóttir hefur skýrt frá því, að dyravörðurinn hafi án tilefnis veist með þjósti að ákærða og sagt honum að fara út. Ákærði hafi þá spurt, hvort hann mætti ekki ljúka úr glasinu. Hafi engum togum skipt, að dyravörðurinn hafi tekið ákærða og fært hann út með valdi. Við þetta hafi stólar og borð hrokkið frá og brotnað. Ákærði hafi misst gleraugun, og kveðst vitnið hafa tekið þau til handargagns. Skömmu seinna hafi rúða í dyrunum brotnað, en ekki veit hún, hvernig það gerðist. Aðrir gestir og starfsfólk hafi furðað sig á þessum aðförum dyravardarins og talað um, að þetta væri óþarfa-þjösnaskapur.

Vitnið Sigmar Bent Hauksson hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið eftir því, að ákærði stóð úti við dyr á Geirsbúð. Ekki hafi hann verið með nein læti. Dyravörður hafi viljað meina ákærða að ljúka úr ölkrúsinni, sem hann var með. Hafi dyravörðurinn tekið ákærða og varpað honum á dyr. Kveðst hann hafa undrast þessar aðfarir, þar sem mikil umferð bifreiða hafi verið fyrir utan. Hann hafi svo heyrt, að rúða í hurðinni brotnaði, en hann hafi ekki séð, hvernig það vildi til. Hafi dyravörðurinn snarast út og lent í átökum við ákærða. Vitnið kveðst hafa farið með Sigurð heim til sín, og hafi blóð lagað úr handlegg hans.

Vitnið kveður sig minna, að ákærði hafi misst gleraugun og eitthvað hafa verið að spyrja dyraverðina um þau.

Vitnið Elín Þóra Friðfinnsdóttir kveðst hafa setið við borð úti á miðju gólfi í Geirsbúð og minnst þess, að ákærði stóð við barinn. Ekki muni hún, hver hafi verið aðdragandinn að átökunum, en skyndilega hafi allt

verið komið í uppnám. Hafi dyravörður fært ákærða út úr veitingastofunni. Birna Þórðardóttir hafi eitthvað blandað sér í þetta og beðið dyravörðinn að láta manninn vera. Þegar dyravörðurinn hafði komið ákærða út, hafi rúða brotnað, en ekki kveðst vitnið hafa séð, hvernig það gerðist. Vitnið kveðst svo hafa séð, hvar ákærði lá fyrir utan, og lagaði blóð úr handlegg hans.

Vitnið Guðlaug María Bjarnadóttir hefur skýrt frá því, að hún hafi komið í Geirsbúð um líkt leyti og Birna Þórðardóttir og hópur annars fólks. Allt hafi verið með kyrrum kjörum, þar til hún heyrði einhverja háreysti og sá dyravörð með mann í hálstaki. Fannst henni dyravörðurinn fara fruntalega að af litlu tilefni, og hafi afgreiðslustúlka á barnum haft orð á því einnig. Dyravörðurinn hafi svo komið manningnum út. Rétt á eftir kveðst vitnið hafa heyrt brothljóð í gleri og séð, að Birna sat á gólfinu og hélt um andlit sér. Sá vitnið, að blóð lagaði úr andliti hennar.

Vitnið Bjarnþór Sigvarður Harðarson var dyravörður í afleysingum í Geirsbúð, þegar atburðir málsins urðu. Kveðst hann hafa verið að segja fólki að ljúka úr glösum sínum og fara út, því að búið væri að loka. Kveðst hann hafa haft litla reynslu af dyravörslu og fengið þau fyrirmæli frá barþjóninum, að hann ætti að standa yfir fólkinu, þangað til búið væri að loka. Hefði hann verið búinn að gera fólki viðvart um þetta. Þegar hann hafi komið að ákærða, hafi hann brugðist illa við og hreytt í sig ónotum og skömmum. Ákærði hafi sagt, að hann ætti eftir í glasi sínu. Kveðst hann hafa rétt ákærða pappaglas og sagt, að hann gæti hellt drykk sínum í það. Hafi ákærði hent glasinu á eftir sér. Hafi hann ekki viljað líða ákærða þessa framkomu og tekið í stól hans og dregið hann eða lyft honum, og hafi ákærði þá ráðist á sig og slegið til sín. Kveðst hann hafa tekið utan um ákærða aftan frá og haldið handleggjum hans föstum að síðum. Ekki minnst hann þess að hafa tekið ákærða hálstaki. Þeir ákærði hafi stimpast og dottið á borð, og hafi eitthvað af glösum brotnað. Vitnið kveður annan dyravörð, Agnar að nafni, hafa komið sér til hjálpar, og kynni hann að hafa hjálpað sér við að koma ákærða út. Þegar hann hafði lokað á ákærða og snúið frá, hafi hann heyrt, að rúða í hurðinni brotnaði, og fann hann fyrir glerbrotum. Hafi þeir Agnar farið út, og hafi Agnar náð ákærða hinum megin við götuna og haldið honum. Þegar vitnið hafi komið inn aftur, hafi hann orðið þess áskynja, að Birna Þórðardóttir hafði slasast.

Vitnið Agnar Páll Agnarsson, dyravörður í Geirsbúð, var í fríi þetta kvöld og kom í veitingastofuna rétt fyrir lokun. Bjarnþór hafi beðið fólk um að ljúka úr glösum sínum og fara. Þegar Bjarnþór hafi komið að borði ákærða, hafi hann sagt, að hann ætti eftir að ljúka úr glasinu. Bjarnþór hafi látið hann hafa pappaglas til að hella drykkinum í og gengið að næsta borði. Ákærði hafi þá hent á eftir honum pappaglasinu og viðhaft einhver

fúkyrði í garð Bjarnþórs. Bjarnþór hafi þá sagt, að hann skyldi henda honum út, ef hann léti svona. Hafi Bjarnþór tekið stól, sem ákærði sat á, og snúið eða lyft stólnum. Drukinn gestur hafi þrifið í öxl ákærða, og hafi ákærði þá staðið upp og snúið sér að Bjarnþóri og átök hafist með þeim. Hafi ákærði annaðhvort slegið til Bjarnþórs eða hrint honum. Hafi Bjarnþór þá tekið ákærða tökum. Einhverjir gestanna hafi reynt að slíta Bjarnþór frá ákærða, og eins hafi komið til átaka milli gestanna innbyrðis, því að einhverjir hafi virst standa með Bjarnþóri. Borð og stóll hafi brotnað, og kveðst vitnið hafa farið Bjarnþóri til aðstoðar og þeir komið ákærða út og skellt í lás. Ákærði hafi gengið frá og út á götu, en allt í einu hafi hann verið komin að dyrunum aftur, og kveðst vitnið hafa séð, að ákærði kýldi í gegnum rúðu í dyrunum. Hafi hann kýlt beint áfram frá sér með krepptum hnefa. Birna hafi fallið í gólfið, og kveðst vitnið hafa séð, að hún hafði skorist í andliti.

Einar Stefánsson læknir hefur í bréfi, dagsettu 6. desember 1989, lýst áverkunum á auga Birnu Þórðardóttur þannig, að stór skurður hafi komið á vinstra auga og augasteinn og lithimna horfið við áverkann. Einnig hafi verið mikil blæðing í auganu. Hafi Birna gengist undir tvær augnaðgerðir vegna þessa slyss. Í desember 1989 hafi sjónin á vinstra auga aðeins verið ljós (sic). Sé þetta neðan við mörk lögblindu á Íslandi. Nokkrar vonir standa þó til, að sjónin kunni að batna á vinstra auga, þótt það sé ekki tryggt. Víst sé, að augað verði aldrei fullkomlega eðlilegt aftur. Líklegt sé, að allmargir mánuðir og jafnvel heilt ár liði, þar til endanlegt ástand augans liggja ljóst fyrir.

Birna hefur nú skýrt frá því hér í dóminum, að hún greini mun ljóss og myrkurs, og sé útséð um, að sjón hennar verði bjargað.

Niðurstaða.

Sannað er með skýrslum ákærða og vitna, að ákærði sló í reiði í dyraglugga Geirsbúðar og olli því, að Birna Þórðardóttir skarst á vinstra auga og hlaut þann áverka, sem lýst hefur verið hér að framan.

Ekki er unnt að líta svo á, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að hann stofnaði lífi og heilsu fólks, sem í veitingastofunni var, í augljósan háska með því að slá í rúðuna. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti hlaut ákærða að vera ljóst, að hann gat valdið meiðslum með þessu athæfi sínu, hvað og varð. Hefur hann með þessu orðið brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði hlaut skilorðsbundna frestun ákæru árið 1967 fyrir þjófnað. Þá var hann sektaður fyrir ölvun 1971. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin

varðhald í 45 daga, en rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun verjandans, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar héraðs-dómslögmanns, 45.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Grímsson, sæti varðhaldi í 45 daga. Framkvæmd refsingarinnar er frestað, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar, 45.000 krónur.
